

Skurðaðgerð á þvagleiðara

Aðgerð er gerð á þvagleiðara (pyeloplasty) vegna þrenginga. Yfirleitt er aðgerðin gerð með kviðsjá í gegnum 3-4 op á kviðvegg en í einstaka tilvikum þarf að gera opna skurðaðgerð. Gera þarf ráð fyrir að vera frá vinnu í 3-4 vikur eftir aðgerð.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Hætta þarf að taka blóðþynningarlyf fyrir aðgerðina, önnur en magnýl og hjartamagnýl, og er það gert í samráði við lækna þvagfæraskurðeildar.

Næring og hreyfing

Gott er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat, taka inn fjölvítamín og drekka orku- og próteinríka næringardrykki. Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahóteli, fá heimilishjálp eða heimahjúkrun.


Undirbúningur fyrir aðgerð

Innköllunarstjóri lætur vita ef þörf er á sérstökum rannsóknum til undirbúnings fyrir aðgerðina, svo sem blóð-eða þvagsýni.

Símaviðtal vegna svæfingar

Hringt er í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufari sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, því í símtalinu þarf að fá upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óæskilegt að taka fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.



Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp eða þægileg föt, inniskó og affþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og þrifa naflann með bómullarpinna. Karlmenn þurfa að þvo vandlega án sápu undir forhúð. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefti, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D Landspítala Hringbraut, 3. hæð á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega en ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur 1,5-3 klukkustundir. Þvagfæraskurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í 2-4 klukkustundir og síðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja. Eftir svæfingu getur orðið vart við hálssærindi sem hverfa að jafnaði á 1-2 dögum.

Verkir

Verkjalyf eru gefin á föstum tímum og eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Skurðsár

3-4 lítil skurðsár eru á kvið og er þeim lokað með saumi sem eyðist. Ef um opna aðgerð var að ræða er skurðsári lokað með málmheftum.

Drenslanga

Stundum þarf að setja drenslöngu sem liggur úr skurðsári til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð og er hún þá yfirleitt fjarlægð daginn eftir aðgerð.

Öndun

Súrefni er gefið um nef fyrst eftir aðgerð. Öndunaræfingar eru mikilvægar fyrir starfsemi hjarta og lungna og draga úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu.

Þvaglát

Þvagleggur er settur í þvagblöðru til að fylgjast með þvagútskilnaði fyrst eftir aðgerð og er hann yfirleitt fjarlægður daginn eftir aðgerð. Eftir það er mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að pissa. Stundum þarf að fara heim með þvaglegg og er hann þá fjarlægður 3-4 dögum eftir aðgerð.

Í aðgerðinni er einnig settur svokallaður JJ-stoðleggur milli nýra og þvagblöðru til að tryggja öruggt flæði þvags frá nýra. Hann getur valdið krömpum í þvagblöðru sem væg verkjalyf geta slegið á. Búast má við að þvag sé blóðlitað fyrstu dagana.

Stoðleggurinn er hafður í um fjórar vikur á meðan þvagleiðarinn er að gróa. Þá er hann fjarlægður í blóðruspeglun á göngudeild þvagfæra.

Matur og drykkur

Gefinn er vökvi í æð fyrst eftir aðgerð.

- Ef aðgerð er gerð um kviðsjá má drekka og fá fljótandi fæði samdægurs.
- Ef gerð er opin skurðaðgerð má byrja að dreypa á vökva að kvöldi aðgerðardags og fá fljótandi fæði daginn eftir.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Hreyfing eykur einnig maga- og þarmahreyfingar. Best er að vera sem mest á fótum, ganga eða sitja í stól að minnsta kosti 4–6 sinnum á sólarhring.

Svefn

Eðlilegt er að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Útskrift

Útskrift er áætluð daginn eftir aðgerð en sumir geta útskrifast samdægurs á sjúkrahótel. Ef gerður er opin skurður er útskrift áætluð tveimur dögum eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Fræðsluefni og kennslu um umhirðu þvagleggs ef þörf er á
- Endurkomutíma á göngudeild 11A til að fjarlægja JJ-stoðlegginn eftir um fjórar vikur
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- Lyfseðil fyrir sýklalyfjum sem á að byrja að taka áður en JJ-stoðleggur er fjarlægður

Útskriftarfræðsla

Verkir

Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Lyfseðill er sendur rafrænt í apótek.

Mataræði

Mikilvægt er að borða hollan mat og gæta vel að næringu til að byggja upp líkamann eftir aðgerðina. Æskilegt er að drekka um 1½–2 lítra af vökva á dag. Gott er að taka lýsi og annan D-vítamínjafa, sérstaklega yfir vetrartímann.

Þvaglát

Ef farið er heim með þvaglegg er hann fjarlægður í endurkomutíma um 3-4 dögum eftir aðgerð. Búast má við blóðlituðu þvagi og að sárt geti verið að pissa fyrst eftir að þvagleggur er fjarlægður. JJ-stoðleggurinn getur valdið ertingu sem lýsir sér oft með tíðum þvaglátum. Mælt er með því að drekka vel, um 1,5-2 lítra á dag, á meðan JJ-stoðleggur er í þvagleiðaranum.

Skurðsár

Skurðsárum er yfirleitt lokað með saumum sem eyðast. Yfir þeim eru límplástrar sem hafðir eru yfir sárum þar til þeir losna af eða í 10-14 daga. Fylgjast þarf með útliti skurðsára með tilliti til roða, bólgu og vessa. Gott er að nota spegil við að skoða sárið en forðast þó alla óþarfa snertingu við skurðsár. Óhætt er að fara í sturtu en ekki er ráðlegt að fara í baðkar eða sund fyrr en sár eru vel gróin. Ör eftir skurðaðgerð eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð. Ef hefti eru í skurðsári eru þau fjarlægð á göngudeild eða á heilsugæslustöð 10-14 dögum eftir aðgerð.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu í 4-6 vikur eftir aðgerð og varast að lyfta eða bera hluti þyngrri en 5 kg, til dæmis innkaupapoka. Mikilvægt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur til að byggja upp þrek.

Kynlíf

Almennt má hefja kynlíf þegar fólk er tilbúið til þess, en ráðlegt er að varast beinan þrýsting á skurðsvæðið.

Svefn og hvíld

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu mánuðina eftir aðgerð. Gott er að ná að minnsta kosti 6–8 klukku-stunda nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð getur dregið úr þreytu.

Vinna

Ráðlögð er hvíld frá vinnu í 3-4 vikur en það fer eftir eðli starfs og líðan. Veikindavottorð eru afgreidd í endurkomutíma.

Hafa á samband við göngudeild þvagfæra (á dagvinnutíma) eða þvagfæraskurðeild ef eftirfarandi einkenni gera vart við sig fyrstu þrjár vikurnar eftir aðgerð:

- Líkamshiti verður hærri en 38°C
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Blæðir eða vessar úr skurðsárum
- Roði eða bólga er í kringum skurðsár
- Stöðug ógleði, uppköst eða niðurgangur er til staðar
- Sýkingareinkenni eru til staðar s.s. hiti, hrollur eða illa lyktandi þvag

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112

Eftirlit

- Endurkomutími á göngudeild þvagfæra 11A til að fjarlægja þvaglegg ef hann er til staðar við útskrift.
- Endurkomutími á göngudeild þvagfæra 11A um fjórum vikum eftir aðgerð, þar sem JJ- stoðleggur milli nýra og þvagblöðru er fjarlægður og viðtal læknis fer fram. **Byrja þarf töku sýklalyfs kvöldinu áður.**

Símanúmer

Dagdeild 13D, opin virka daga klukkan 07:00-20:00	543 7480
Göngudeild þvagfæra 11A	543 7100
Kviðarhols- og þvagfæraskurðeild 13EG	543 7500

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

Útskriftarfræðsla

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

Verkjalýf

Taka á verkjalýf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalýf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir því þá er erfiðara að ná stjórn á þeim. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalýf séu tekin reglulega má taka verkjalýf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum.

Ef þörf er á sterkum verkjalýfjum eftir aðgerð er ráðlagt að nota þau í eins stuttan tíma og hægt er. Þegar verkir minnka er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalýfja. Síðan er dregið úr töku annarra verkjalýfja. Dæmi um sterk verkjalýf eru parkódín, tramadol og oxycodone.

Algengar aukaverkanir verkjalýfja

Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga en ekki er víst að allir finni fyrir aukaverkunum.

Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalýf án lyfseðils í apóteki.

Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgur þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalýf eru notuð.

Slævandi áhrif

Sum verkjalýf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Í sumum tilvikum geta kaldir bakstrar dregið úr verkjum. Í sumum tilvikum má ekki nota kulda sem verkjameðferð og því er nauðsynlegt að fá leiðbeiningar um notkun hjá heilbrigðisstarfsfólki.

Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi einkenna verður vart:

- Verkir eru slæmir þrátt fyrir töku verkjalýfja
- Ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar)
- Mikill sljóleiki er til staðar